

ræða, heimilaður með það fyrir augum að rýra sem minnst verðmæti þeirra. En þessi réttur er þó þeim takmörkum bundinn, að hann getur aðeins staðið skaman tíma og, að því er virðist, aðeins til hagsbóta fyrir búið sem heild.

Eins og fram er komið í málinu, andaðist Jón Danielsson þann 21. marz 1944, og var bú hans skrifað upp dagana 25. marz og 1. og 4. apríl sama ár. Umboðsmönnum erfingjanna var því næst 7. júní f. á. afhentar vörubirgðir hins látna til ráðstöfunar, en þær voru síðar við skiptalok þann 7. september f. á. afhentar 2 erfingjunum upp í arf.

Sá tími, sem liðinn er frá þessum aðgerðum, verður að teljast það riflegur, að hægt hefði verið að ráðstafa hér umræddum eignum á sómasamlegan hátt. Tilkynning gerðarbeiðanda til skiptaréttarins 4. apríl 1944 verður eigi skilin öðruvísi en sem uppsögn á húsnæðinu, enda styður útburðarbeiðnin þann 13. júlí síðastliðinn þá skoðun, og er með háðum þessum athöfnum framkominn augljós vilji gerðarbeiðanda til þess að losa húsnæðið.

Réttur sá, sem dánarbú Jóns Danielssonar kann að hafa átt með hliðsjón af 18. grein gjaldþrotaskiptalaganna til áframhaldandi notkunar húsnæðis gerðarbeiðanda, er tímabundinn, og verður eigi talið, að húsaleigulögin geti hindrað gerðarbeiðanda í því að fá kröfu um brottflutning framgengt, þar sem enginn sjálfstæður leigumáli er gerður milli aðilja, um hið umdeilda húsnæði.

Samkvæmt ofansögðu verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að allur málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Kærumálið nr. 5/1945. H/f Fiskur og Ís
gegn

Höjgaard & Schultz A/S.

Staðfesting vitnaskýrslu.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með yfirlýsingu 15. maí þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð borgardómara sama dag, þar sem vitn-

inu Eric Viggo Lundgaard er heimilað að staðfesta fyrir dómi framburð sinn í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Barst hæstarétti kæran 26. maí s. l.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, dags. 28. maí s. l. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um staðfestingu framburðar nefnds vitnis. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti ekki borizt kröfur né greinargerð í kærumáli þessu.

Það er ekki fram komið í málinu, að afstaða nefnds vitnis til málsins sé slík, að hún þyki eiga að standa því í vegi, að vitnið fái að staðfesta vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta úrskurð héraðsdómara.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1945.

Mál þetta hefur h/f Fiskur & Ís í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. júlí 1944 gegn Höjgaard & Schultz A/S, Miðstræti 12 hér í bænum. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði dæmt til þess, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda því 200 m³ af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða því kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00. Til vara krefst stefnandi, að stefnda verði dæmt til þess að greiða því kr. 56000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Eric Viggo Lundgaard, verkfræðingur hjá stefnda, hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu dagana 23. febrúar s. l., 21. marz s. l. og 11. þ. m. Er að því kom í síðast greindu þinghaldi, að vitni

þetta skyldi staðfesta fyrir dómi framburð sinn þessa daga, mót-mælti umboðsmaður stefnanda því, að vitninu væri heimilað það, þar eð það væri um of við málið riðið. Umboðsmaður stefnda lýsti því yfir, að vitnið væri aðeins starfandi verkfræðingur í þjónustu stefnda, og krafðist þess, að vitninu væri heimiluð staðfesting framburðar síns, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu hans.

Þótt ljóst sé af því, sem komið hefur fram í máli þessu, að fyrrgreint vitni hefur að miklu leyti komið fram sem fulltrúi stefnda gagnvart stefnanda við samningsgerð þá, er í málinu greinir, þykir það ekki nægileg ástæða til að synja því um heimild til staðfestingar framburðar síns, enda er eigi sýnt fram á, að vitnið hafi á annan hátt hagsmuna að gæta í sambandi við mál þetta eða úrslit þess.

Vitni þessu verður því heimilað að staðfesta framangreindan framburð sinn fyrir dómi.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu, Eric Viggo Lundgaard, er heimilt að staðfesta fyrir dómi framangreindan framburð sinn í máli þessu.

Miðvikudaginn 13. júní 1945.

Nr. 27/1945. **Theódór B. Líndal f. h. eigenda og skips-hafnar b/v Volesus G.Y. 851**

(Theódór B. Líndal).

gegn

**Einari B. Guðmundssyni f. h. eigenda v/s
Thurid T.N. 321 (Einar B. Guðmundsson).**

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Póknun dæmd fyrir dráttaraðstoð skips.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. febr. 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 45000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febr. 1944 til greiðslu-